

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Iðjulslóð að Flúðum, iðnaðar- og athafnasvæði AT2.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til iðnaðar- og athafnasvæðis AT2 innan þéttbýlisins á Flúðum. Breytingin felur í sér breyttar lóðarstærðir, fyrirkomulag bílastæða, fækkun lóða og stækkun beygjuradíusa í götum vegna langra ökutækja með tengivagn. Stærð heildarsvæðisins helst óbreytt.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. mars 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 14. mars 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 31. mars 2025